

Ráðhús Hafnarfjarðar

Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

**Ósk um viðræður vegna skila á vegum sem féllu úr tölu þjóðvega við setningu laga nr. 80/2007.**

Erindi þetta varðar niðurstöðu starfshóps um skilavegi er varðar yfirfærslu veghalds á Fjarðarbraut, veg nr. 470-01 frá Vegagerðinni til Hafnarfjarðar.

Vegagerðin hefur annast veghald Fjarðarbrautar skv. sérstakri undanþáguheimild sem renna átti út í árslok 2019. Heimild stofnunarinnar til að annast veghaldið var framlengd til ársloka 2020, sbr. lög nr. 146/2019 og svo aftur til lok árs 2021 með lögum nr. 139/2020. Heimildin var veitt í því skyni að tryggja að yfirfærsla gangi vel fyrir sig. Með bréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 30. desember 2019 var Vegagerðinni falin umsjón og skipun starfshóps um hvernig standa eigi að yfirfærslu skilaveganna.

Starfshópur um skilavegi var skipaður fulltrúum Vegagerðarinnar og Sambandi Íslenskra sveitarfélaga. Starfshópnum var falið það verkefni að ræða álitæfni varðandi túlkun á 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 hvað varðar skilavegi (þ.e. vegir og tilheyrandi mannvirki), útbúa sameiginlegan lista yfir skilavegi sundurliðað á sveitarfélög, skilgreina hvað telst viðunandi ástand og meta kostnað við að uppfylla viðhaldsþörf og leggja til aðferðafræði við skil frá Vegagerðinni til sveitafélags.

Það er niðurstaða starfshópsins að Fjarðarbraut teljist til skilavegs og skal vegurinn því færast í veghald Hafnarfjarðar eigi síðar en 1. janúar 2022 að uppfylltum nánari skilyrðum er varðar viðhaldsástand.

Viðhaldsástand skilavegar.

Fyrirliggjandi er skýrsla sem fjallar um ástandsmat skilavega sem unnin var af vinnuhópi í umboði starfshópsins en verkfræðistofan EFLA var fengin til að stýra vinnunni. Í skýrslunni má finna ítarlegt mat á ástandi allra skilavega og áætlun um kostnað við að koma ástandi þeirra í skilgreint ástand samkvæmt skýrslunni.

Í skýrslunni eru skilgreindar forsendur sem leggja beri til grundvallar við mat á því hvað telst viðunandi ástand skilavega og er lagt fram ítarlegt mat á ástandi viðkomandi mannvirkja og kostnað við þær aðgerðir sem ráðast þarf í til að koma vegunum í viðhalds ástand miðað við tilgreindar forsendur. Niðurstaða vinnuhópsins fól í sér mun meiri kostnað við endurbætur á skilavegum en gert var ráð fyrir í kostnaðarmati í aðdraganda setningu laga nr. 14/2015 um breytingar á vegalögum nr. 80/2007 en ekki liggja fyrir sérstakar fjárheimildir til Vegagerðarinnar til að standa straum af kostnaði við að koma skilavegum í

Það ástand sem skilgreint er í skýrslunni. Mikilvægt er þó að hefja viðræður sem allra fyrst til að ljúka megi undirbúningi að skilum fyrir næstkomandi áramót þegar yfirfærsla er áformuð.

Vegagerðin óskar eftir því að Hafnarfjörður tilnefni tengilið sem mun annast málefnið og leiða viðræður við Vegagerðina við fyrstu hentugleika.

Meðfylgjandi er greinargerð unnin af starfshópi um skilavegi auk fylgiskjala, þar á meðal skýrsla sem unnin er af vinnuhópi er varðar ástandsmat skilaveganna.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Stefán Erlendsson

Undirskrift



Síða 2/2